Einar Robert Reykfjörð

# Hver eru langtímaáhrif höfuðemeiðsla í íþróttum?

# Af hverju valdi ég þetta?

Ég valdi mína spurningu því ég hef áhuga á íþróttum og varð vitni við alvarleg höfuðmeiðsli sem lét mig til þess að langa læra meira um langtímaáhrif þess að lenda í slíku. Mér finnst einnig gaman að læra um nýja hluti og ég vissi lítið sem ekkert áður enn ég byrjaði.



# Spurningin

Rannsóknarspurning mín er, ***Hver eru langtímaáhrif höfuðmeiðsla í íþróttum?*** Aðalpæling mín var hvernig leikmenn sem lentu í alvarlegum höfuðmeiðslum urðu á sínum eldri árum og sjá hvort það væri í raun einhverskonar mynstur. Mig langaði einnig að skoða meðhöndlun íþróttasamtaka í heiminum við slíkum höfuðmeiðslum.



# Vinnuferlið

Ég byrjaði fyrst á því að að læra sjálfur eins mikið og ég gat um höfuðmeiðsli í íþróttum og allar mismunandi gerðir þess. Ég tók saman margar mismunandi upplýsingar sem ég fann. Ég byrjaði á að skrifa það sem ég vildi skrifa í docs of færði það svo inn á vefsíðu. Ég horfði á mörg viðtöl og heimildamyndir um efnið. Ég tók enginn viðtöl því mér fannst lítið sem ég gat spurt um sem ég gat ekki leitað upp sjálfur. Einnig gerði ég Google forms könnun sem krakkar hér úr skólanum svöruðu

# CTE

*CTE* eða *Langvarandi Áfallsheilakvilla* er heilaskaði sem gerist þegar aðili fær mörg þung högg í höfuðið. MIkið er tengt *CTE* við amerískan fótbolti og mikið búið að fjalla um það síðan fundið var fyrst árið 2002 í fyrrverandi fótboltakappanum Mike Webster. Nokkur helstu langtímaáhrif *CTE* eru til dæmis heilabilun eða vitglöp, mikil reiðisvandamál og árasarhæfni, Parkinsons, háar líkur þunglyndis og því miður fremja fjölmargir sem lent hafa í CTE sjálfsvig.

# Sterkar Staðreyndir

- Journal of the American Medical Association (JAMA) birti árið 2017 rannsókn þar sem þeir fundu CTE í 99% af heilum sem fengust frá fyrrum, látnum leikmönnum NFL.
- CTE var einnig fundið i 91% af fyrrum leikmönnum háskolafótboltans.
- Karlar eru að minnsta kosti 60% í meiri hættu á að fá höfuðáverka meðan þeir stunda íþróttir.
- Þegar litið er á áfallatengda heilaskaða í íþróttum sýna tölfræði að flest tilfelli eru væg.

# Niðurstöður

Ekki er hægt að setja beint svar við minni rannsóknarspurningu. Enn í einföldu máli lærði ég það að langtímaáhrif höfuðmeiðsla í íþróttum eru mörg og mismunandi og erfið að flokka. Alvarlegustu langtímaafleiðingar af einhverjum sérstökum höfuðmeiðslum koma af heilaröskun sem ber íslenska heitið langvarandi áfallsheilakvilla stytting þess er CTE sem er aðallega heitið sem ég nota í mínum texta. Heimasíðan endaði ágætlega með helstu upplýsingum um efnið og dæmi um íþróttamenn sem hafa fengið alvarlega höfuðmeiðsli eins og til dæmis CTE

30 40 50 40 30

# Heimasíða

https://sites.google.com/grv.is/hofudmeidsli/heim